

Áveitan

9. tbl. 3. árgangur. September 2009

Gaulverjaballið

Hið árlega sveitaball Bæhreppinga, brottfluttra og núverandi, verður haldið í 6. sinn í Félagslundi laugardagskvöldið 26. september.

Jón Skeiðungur Bjarnason spilar fyrir dansi. Húsið opnar kl. 22:00 og stendur ballið til kl. 2.00. Miðaverð er 2000 kr. Allir velkomnir.

Nefndin

Úrslit Flóamóts

Flóamótið var haldið í fínu veðri laugardaginn 29. ágúst á félagssvæði Umf. Baldurs í Einbúa. Keppendur hefðu mátt vera fleiri, en allir skemmtu sér vel sem komu og stóðu sig vel í keppninni. Því miður mætti engin keppandi frá Umf Samhygd þetta árið.

Úrslit mótsins verða birt í næstu Áveitu en stigakeppni félaganna fór þannig að Vaka sigraði með 141,5 stig og Baldur varð í öðru sæti með 125,5 stig.



Áveitan í Flóahreppi

Útgefendur: Ungmennafélögin Baldur, Samhygð og Vaka.

Ábyrgðarmenn:

Baldur Gauti Tryggvason
ballroq@hotmail.com

Stefán Geirsson
stegeir@hotmail.com

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is

Frá Sveitarstjóra

Vatnsmál

Ekki er lengur þörf á að sjóða neysluvatn úr dreifiveitu Ruddakrökslin-
dar en skrúfað var fyrir rennsli úr Urriðafosslind fyrir rúmum hálfum
mánuði síðan og niðurstöður nýjustu sýnatöku Heilbrigðiseftirlits Suður-
lands standast gæða-kröfur skv. reglugerð 536/2001.

Aðrar fréttir af vatnsmálum eru þær helstar að búið er að leggja veg og rafmagn að Samúelslind og verið er að ganga frá dælu við hana.

Í framtíðarskipulagi er gert ráð fyrir því að Samúelslind verði áfram nýtt en hún þjónar m.a. sumarhúsabyggð í Skálmholtslandi, Merkurhrauni og Merkurlaut að ógleymdu Brugghúsinu Ölvisholti og fleiri stöðum.

Vonast er til að samningar náist við Árborg um samvinnu í vatnsöflunarmálum og dælingu vatns í dreifikerfi Flóahrepps. Ef af verður, þarf að hraða allri vinnu sem mest til að unnt verði að ljúka við framkvæmdir næsta vor.

Framkvæmdir við Flóaskóla

Jarðvegsframkvæmdir eru langt komnar við Flóaskóla og reiknað er með að samningum við byggingarverktaka ljúki á næstu dögum.

Hönnunarvinna er vel á veg komin og samkvæmt áætlun á henni að ljúka nú í september.

Lambaskoðun

Lamba- og hrútaskoðun Sauðfjárræktarfélagss Villingaholtshrepps verður miðvikudaginn 30. september. Hún verður með sama sniði og undanfarin ár og hvetjum við alla að taka þátt. Þeir sem hafa áhuga eru beðnir um að hafa samband við Þorstein Loga í síma 867-4104 fyrir mánudaginn 28. september.

Stjórnin

Pistillinn

Þegar halla tekur þessu frábæra sólarsumri verður mér af einhverjum ástæðum hugsað til óþurrkasumarsins 1984. Líklega vegna þess að á dögunum var rifjað upp að í júlímánuði 1984 var sett úrkomumet sem vonandi verður aldrei slegið.

Á þessum árum var slegist um að komast í Sandleitina á Flóamannaafreitti og er reyndar enn. En þetta haust reyndist það auðfengið því að um miðjan ágúst var mikill heyskapur eftir og á sumum bæjum stór hluti hans. Um Höfuðdag gerði góðan viku þurrk svo rætast tók úr málum. Við Þormóður í Hjálmholti völdust til Sandleitarfarar. Við riðum upp Þjorsárbakka í mikilli sól og blíðu, á öllum bæjum var verið að tína bagga og troða í yfirfullar heygeymslur. Við félagar hugðumst riða að Fossnesi í Gnúpverjahreppi og leita þar næturgistingar. Hægt fórum við yfir og í myrkri komum við í Fossnes. Vel var okkur tekið og næturgisting velkomin, en þarna um kvöldið var líka að hefjast baggastórhirðing. Við Þormóður tókum okkur stöðu við færibandið í hlöðunni, vagnar komu með reglulegu millibili en þó höfðum við vel undan.

Klukkan 6 um morguninn var gert hlé í fjóra klukkutíma. Þá var hirðingunni haldið áfram. Um tvöleytið var hirt upp. Var þá farið að taka hesta og halda áfram ferðinni. Skora ég hér með á Þorstein Ágústsson á Syðra-Velli að skrifa næsta pistil.

Skeggi Gunnarsson.

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Félagsmálanámskeið

Ákveðið hefur verið að halda félagsmálanámskeið laugardaginn 17. október kl. 10.00 í Þjorsárveri. Námskeiðið tekur ca. 5. klst.

Sigurður Guðmundsson sem ráðinn var af KÍ, BÍ og UMFÍ s.l. haust, er enn að halda þessi vinsælu námskeið og höfum við nú bókað hann til okkar þennan dag.

Endilega reynnum að skipuleggja okkur og taka slátur, fela upp grjúpán (bjúgu) og gera haustverkin einhvern annan dag;) Takið nú þennan dag frá í dagbókinni ykkar, nánari upplýsingar og skráning verða auglýst hér í Áveitunni í október.

Bestu kveðjur, f.h. stjórnar Kvenfélagsins
Sólveig Þórðardóttir ritari.

Frá Flóaskóla

Flóaskóli tók til starfa haustið 2004 og er því fimm ára um þessar mundir. Margt hefur gerst á fimm árum þó tíminn hafi verið ótrúlega fljótur að líða. Í haust heldur framþróun skólans áfram þegar hafin verður vinna við viðbygginu Flóaskóla. Með viðbyggingunni eykst það rými sem nemendur og starfsfólk hafa til umráða og mun það gjörbreyta allri aðstöðu. Aðstaða til list- og verkgreinkennslu verður öll til fyrirmyndar í nýja skólanum auk þess sem þar skapast aukið rými til bekkjarkennslu. 8. bekkingar hefja nám í Flóaskóla í haust í fyrsta sinn og hafa þeir komið sér vel fyrir í Skólatúni sem er einbýlishús á lóð skólans.

Íþróttasamband Íslands og Umferðarstofa hafa leitað til Flóaskóla og beðið okkur um að hefja átakið “Göngum í skólann”, en opnunardagur þess er 9. september nk. Átakinu er ætlað að hvetja börn í þéttbýli til að ganga í skólann. Aðkoma Flóaskóla að átakinu er ætluð til að vekja athygli á þeim dreifbýlismendum sem ekki hafa tækifæri til að ganga í skólann og vekja þá og foreldra þeirra til umhugsunar um mikilvægi rétttrar umgengni við skólabíla og mikilvægi þess að stunda góða og heilbrigða hreyfingu. Fulltrúar frá Umferðarstofu, Lýðheilsustöð, Ríkislögreglustjóra, ÍSÍ, Heimili og skóli, Landsbjörgu og Menntamálaráðuneytinu munu koma í skólann og fylgjast með setningu átaksins. Auk þess munu þessir aðilar hafa áhuga á að kynna sér starfið í skólanum og fyrirhugaða stækkun hans.

Ný hljóðfæri til tónmenntakennslu hafa verið keypt til skólans en Þóra tónmenntakennari er nú útskrifuð úr kennaranáminu og hefur mikinn metnað fyrir öflugri tónmenntakennslu. Flóaskóli er áfram í góðu samstarfi við Tónlistarskóla Árnesinga og býður hann nú öllum nemendum í 1. og 2. bekk blokkflautukennslu á skólatíma hjá Ingibjörgu Birgisdóttur.

Athygli foreldra er vakin á því að samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk eru nú fyrr á ferðinni en áður og verða nú 17. og 18. september. Nemendur eru ekki undirbúnir sérstaklega fyrir prófin í skólanum að öðru leyti en því að þeim er kynnt útlit þeirra og fyrirkomulag þannig að þeir þekki prófformið. Foreldrar geta aflað sér frekari upplýsinga á heimasíðu Námsmatsstofnunar www.namsmat.is eða með því að hafa samband við umsjónarkennara eða skólastjórnendur.

Sl. vetur störfuðu nokkrir sjálfbóðaliðar við Flóaskóla við mikla hrifningu okkar sem störfum í skólanum. Í vetur langar okkur að halda áfram að eiga gott samstarf við fólk úr samfélaginu og biðjum þá sem áhuga hafa á sjálfbóðaliðastörfum að hafa samband við skólastjórnendur, Kristínu kristin@floahreppur.is eða Huldu hulda@floahreppur.is. Þeir foreldrar sem eiga lausar stundir á skólatíma eru minntir á að þeir eru alltaf velkomnir í skólann.

Með góðum kveðjum, Kristín Sigurðardóttir skólastjóri.
kristin@floahreppur.is, gsm 663-5720.

Fréttir frá Krakkaborg

Kæru sveitungar

Skólaárið 2009 – 2010 hófst í blíðskapaveðri þann 6. ágúst hér í Krakkaborg. Það voru sælleg börn sem mættu í leikskólann eftir fimm vikna sumarfrí og virkilega ánægjulegt að sjá hversu glöð þau voru að hitta félagana sína stóra sem smáa.

Aðlögun nýrra barna er einn liður í skólastarfi ágústmánaðar. Lítil börn þurfa ákveðin aðlögunartíma til að kynna nýjum aðstæðum, kennurum og börnum. Þessi aðlögunartími getur verið mislangur því börn eru eins ólík eins og þau eru mörg og því mjög misjafnt hversu langan tíma þau þurfa til að öðlast ákveðið öryggi í nýju umhverfi. Í ágústmánuði bættist eitt barn í okkar góða nemendahóp en hún heitir María Brá Baldursdóttir. Ég vil nota tækifærið, fyrir hönd starfsfólks Krakkaborgar, og bjóða hana og fjölskyldu hennar hjartanlega velkominn í leikskólann okkar.

Ýmislegt hefur verið brallað hér í leikskólanum í ágústmánuði og gaman að segja frá því að kartöfluuppskeran var glimrandi góð. Börnin voru ekki lengi að taka upp nokkur kíló og færa þeim Jeff og Sigurbjörgu í eldhúsinu sem buðu svo upp á glænýjar og gómsætar kartöflur með kjötbollunum þann daginn. Þriðjudaginn 18. ágúst fóru svo vaskir krakkar af Tígra- og Strumpadeild í berjaferð í Lyngholt. Ferðin tókst í alla staði mjög vel, veðrið var hið ágætasta og nóg af berjum til að tína.

Í byrjun ágústmánaðar bættist nýtt starfsfólk við starfsmannahóp Krakkaborgar. Það eru þær Sandra Dís Sigurðardóttir sem verður á Strumpadeild og Sigurbjörg Sigurðardóttir en hún mun sinna starfi sem aðstoð í mötuneyti. Jóhanna Margrét Eiríksdóttir þroskaþjálfari mun einnig starfa hjá okkur í vetur. Formlega er hún skráð sem starfsmaður Flóaskóla en mun hafa starfsstöð hér í Krakkaborg. Sigríður María Skúladóttir leikskólakennari mun hefja störf hjá okkur í byrjun september en hún mun starfa sem deildarstjóri á Strumpadeild í vetur. Við bjóðum þær hjartanlega velkomnar í okkar góða starfsmannahóp.

Þann 19 – 21. ágúst fóru tveir kennarar frá Krakkaborg á ART – námskeið. ART aðferðin skiptist í þrjá meginþætti; Félagsfærni, sjálfstjórn og þjálfun í siðrænni röksemdafærslu. Ætlunin er að fara af stað með ART tíma fyrir elstu börn leikskólans en eins og flestir vita þá hefur ART aðferðin verið notuð í Flóaskóla með góðum árangri. Sú ákvörðun að hefja ART kennslu í Krakkaborg er því ávöxtur af góðu og traustu samstarfi okkar við Flóaskóla.

Þann 12. ágúst var viðtal við sóttvarnalækni í Morgunblaðinu þar sem hann útskýrir grunnviðbragðsáætlanir skóla vegna Inflúensu H1N1, sem kölluð hefur verið svínaflensa. Þar kom fram að Menntamálaráðuneytið hefur gefið út

leiðbeinandi viðbragðsáætlun en á meðan að viðbúnaðarstigið er svokallað “hættustig” er hver skóli ábyrgur fyrir því að fylgja sinni eigin viðbragðsáætlun ef smit kemur upp. Við í leikskólanum Krakkaborg höfum aðgang að fræðslu og ráðleggingum, ef þurfa þykir, hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlanda. Því fylgir að foreldrar eru beðnir um að halda börnum sínum heima ef þau hafa flensulík einkenni og sömuleiðis ber starfsfólki sem finnur fyrir flensueinkennum að vera heima. Ef smit kemur upp í leikskólanum Krakkaborg munu foreldrar verða látnir vita og beðnir um að fylgjast vel með heilsu barna sinna. Einnig leggjum við mun meiri áherslu á almennt hreinlæti er varðar aukinn handþvott barna og starfsmanna sem og tíðari sóttþreingsandi þrif. Verði hins vegar lýst yfir “neyðarstigi” faraldursins er viðbúið að komi geti til lokana skólastofnana, samkomubanns og fleira að sögn sóttvornarlæknis en vissulega vonum við öll að faraldurinn komist aldrei á það stig.

Með bestu kveðju,
F.h. Starfsfólks Krakkaborgar
Karen Viðarsdóttir
Leikskólastjóri

Ferð eldri borgara í Flóahreppi

Ferðin verður farin í boði kvenfélaganna þriggja í hreppnum, mánudaginn 7. september.

Fyrirhugað er að fara í Rangárþing, fyrst að Gunnarsholti, komið að Keldum, ekið um Vatnsdalinn yfir í Fljótshlíð. Að Hótel Fljótshlíð, Smáratúni verður boðið upp á kaffihlaðborð.

Rúta fer frá	Félagslundi kl	12:30
	Þjósárveri -	12:45
	Þingborg -	13:00

Þátttaka tilkynnist til Margrétar Gerðum S: 486-3393, Aðalheiðar Ferjunesi S: 486-3305 og Rósu Laugardælum S: 482-1923 fyrir 6. september.

Ferðanefndin

Fréttir frá Umf. Vöku:

Gjöf til Umf. Vöku

Á dögunum fékk Umf. Vaka gjöf frá Hafsteini Þorvaldssyni, fyrrverandi formanni félagsins til 11 ára. Gjöfin var peningaupphæð upp á 100.000 kr. og var veitt fyrir vel unnin störf í gegnum tíðina og til áframhaldandi uppbyggingar á starfi félagsins. Gjöfin var veitt til minningar um eiginkonu Hafsteins, Ragnhildi Ingvarsdóttur en hún hefði orðið 80 ára 13. ágúst sl.

Hafsteinn bauð til veislu í Tíbrá á Selfossi þar sem hann veitti 10 styrki vegna íþróttastarfs til nokkurra félaga, fyrir alls 1.000.000 kr.

Haraldur Einarsson formaður Vöku og Ingunn Harpa Bjarkadóttir, fyrsta konan til að sigra starfshlaup á Landsmóti, fóru og veittu styrknum viðtöku.

Ungmennafélagið Vaka þakkar Hafsteini kærlega fyrir þessa rausnarlegu gjöf og mun þessi styrkur koma að góðum notum við að gera öflugt starf Umf. Vöku enn öflugra.

Umf. Vaka

Árgjald Umf Vöku

Nú er komið að því að innheimta árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2009. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 700 kr á ári. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra. Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu.

Ég minni á að nauðsynlegt er að hafa greitt árgjald ætli viðkomandi að óska eftir styrk frá félaginu vegna íþróttaiðkunar. Vakni einhverjar spurningar, endilega hafið samband í síma 845-9719 eða í tölvupósti lyngh@emax.is
Kennitala Umf. Vöku 471077-0389
Reikningur 0152-26-2216

Með kveðju,

Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir

Aðalfundur Leikdeildar Vöku

Aðalfundur Leikdeildar Vöku verður haldinn í Þjórsárveri sunnudaginn 27. september n.k. og hefst kl. 20:30. Framkvæmd verða venjuleg aðalfundarstörf, farið yfir síðast leikár og rætt um það sem framundan er. Vonumst til að sjá sem flesta.

Stjórn Leikdeildar

Gönguferð og reiðtúr lokið

Gönguferðin var farin í blíðskaparveðri 12. ágúst sl. 8 manns og tveir hundar gengu Ásaveginn og komust allir á leiðarenda.

Reiðtúrin var farinn 22. ágúst. 22 reiðmenn og 36 hross tóku þátt. Riðið var í Dælarétt og þangað kom margt fólk á bílum til að færa reiðmönnum nesti. Sérstakar þakkir fær Sólveig á Skúflæk II sem kom með pönnukökur handa öllum. Takk fyrir frábæran dag.

Skemmtinefnd

Íþróttir

Vökumenn hafa verið iðnir við að keppa á íþróttamótum í sumar og margir hafa náð mjög góðum árangri, m.a. eignuðumst við tvo Íslandsmeistara unglina í frjálsum og einn unglingsmótsmeistara í glímu. Þá bætti Bjarni Már Ólafsson 21 árs gamalt Vökumet Einars H. Haraldssonar í spjótkesti á Meistaramóti Íslands á dögnum. Hér koma úrslit af nokkrum mótum:

Unglingamót HSK var haldið á Laugarvatni 20. júlí. Umf. Vaka hafnaði í 2. sæti á mótinu með 101 stig, aðeins 16,5 stigum á eftir Umf. Selfoss sem var í 1. sæti.

Haraldur Einarsson var stigahæsti keppandi mótsins með 28 stig.

Bjarni Már Ólafsson	'91	100m hlaup	11,92sek	2. sæti
		Hástökk	1,65m	3. sæti
		110m grind	18,21sek	1. sæti
		Langstökk	5,68m	2. sæti
		Kúluvarp 7,26kg	9,64m	1. sæti
Guðmunda Ólafsdóttir	'89	Kúluvarp 4,0kg	7,48m	3. sæti
		Spjótkest	24,70m	2. sæti
Haraldur Einarsson	'87	100m hlaup	11,54sek	1. sæti
		Spjótkest	38,00m	1. sæti
		110m grind	18,67m	2. sæti
		Langstökk	6,16	1. Sæti
		Kúluvarp 7,26kg	9,47m	2. sæti
Ingunn Harpa Bjarkadóttir	'91	Langstökk	4,78m	3. sæti
		100m hlaup	14,19 sek	4. sæti
		Kúluvarp 4,0kg	7,76m	2. sæti
		Hástökk	1,45m	1. sæti
		Spjótkest	24,25m	3. sæti
Tómas Karl Guðsteinsson	'90	100m hlaup	13,11sek	5. sæti
		Spjótkest	31,31	4. sæti
		Langstökk	4,81m	5. sæti
		Kúluvarp 7,25kg	7,91m	4. sæti
		800m hlaup	2:56,05mín	1. sæti

44. Bikarkeppni FRÍ 1. deild, Laugardalsvelli 7. og 8. ágúst

Haraldur Einarsson	'87	100m hlaup	12,09sek	6. sæti
		400m hlaup	52,75sek	6. sæti
		Þrístökk	12,85m	4. sæti
		200m hlaup	24,13sek	6. sæti
		4x100m boðhlaup	47,10sek	6. sæti
		1000m boðhlaup	2:10,28mín	6. sæti

MÍ 11-14 ára á Höfn 15. og 16. ágúst

Guðrún Inga Helgadóttir	'97	Spjótkast 400gr	29,96m	2. sæti
		60m hlaup	9,85sek	13. sæti
		Langstökk	3,70m	12. sæti
		Hástökk	1,15m	10.-13. sæti
		Kúluvarp 2,0kg	9,02m	3. sæti

Unglingalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki 31. júlí til 2. ágúst

Þorgils Kári Sigurðsson	'98	Kúluvarp	6,27m	19. sæti
		Glíma		1. sæti
Ægir Atlason	'98	Langstökk	3,71m	9. sæti
		60m hlaup	10,28sek	9. sæti
		Kúluvarp	6,79m	16. sæti
		Hástökk	1,21m	5.-6. sæti
		Glíma		5.-7. sæti
Ásrún Halla Loftsdóttir	'96	Glíma		5.-7. sæti
Hlynur Logi Erlingsson	'94	Glíma		6. sæti

MÍ 15-22 ára á Kópavogsvelli 29. og 30. ágúst

Bjarni Már Ólafsson	'91	Langstökk	5,91m	3. sæti
		Kúluvarp 5,5kg	11,20m	4. sæti
		100m hlaup	12,24sek	13. sæti
		Spjótkast	44,70m	4. sæti Vökumet
		Þrístökk	13,01m	1. sæti
Haraldur Einarsson	'87	100m hlaup	11,63sek	3. sæti
		400m hlaup	51,56sek	1. sæti
		Spjótkast	35,03m	8. sæti
		200m hlaup	23,13sek	3. sæti
		4x100m boðhlaup	48,35sek	4. sæti

Messa í Gaulverjabæjarkirkju 20. september kl. 14:00.

Sóknarprestur

Leiklistarnámskeið hjá Leikfélagi Selfoss

Leikfélag Selfoss mun halda leiklistarnámskeið dagana 19. og 20. september n.k. í húsakynnum félagsins á Selfossi. Um er að ræða vandað námskeið þar sem farið verður í líkamsbeitingu og tækni á sviði. Kennari er Árni Pétur Guðjónsson atvinnuleikari en hann hefur mikla reynslu af námskeiðshaldi í leiklist. Námskeiðið er ca. 4 klst hvorn dag og kostar þátttaka 5000 kr. Námskeiðið verður kynnt nánar á heimasíðu leikfélagsins www.leikfelagsselfoss.is á næstunni en áhugasamir geta sent fyrirspurnir og skráð sig í netfang leikfelagsselfoss@gmail.com eða hjá Írisi í síma 894-2415

Stjórn Leikfélags Selfoss

Ágætu vinir

Sveitungar og vinir allir.

Þakka góðar gjafir og kveðjur á nýafstöðnu fimmtugsafmæli mínu. Lifið heil.

Skeggi á Skeggjastöðum.

Málningarsprautu á faraldsfæti

Geir Baldursson frá Breiðholti er farinn að svipast um eftir málningarsprautunni sinni, en hún hefur verið að heiman síðan í fyrrasumar. Þeir sem vita hvar hún er niðurkomin hafi vinsamlegast samband við Geir í síma 898-7793.

Vantar einhvern vinnu?

Okkur vantar röskan vinnumann/konu í fjós og annað tilfallandi búskaparstúss. Um er að ræða u.þ.b. hálf t starf fyrri hluta dags.

Upplýsingar í síma 482-1058.

Hilda og Höskuldur, Stóra-Ármóti.

Messa og kynningarfundur í Hraungerðiskirkju

Messa í Hraungerðiskirkju sunnudagskvöldið 6. september kl. 20:30. Að henni lokinni verður kynning á fyrirhuguðum endurbótum innandyra í kirkjunni. Teikningar munu vera til sýnis og er fólk hvatt til að koma og kynna sér fyrirhugaðar framkvæmdir og taka þátt í umræðum.

Sóknarnefndin

Messa í Villingaholtskirkju sunnudagskvöldið 13. sept. kl. 20:30.

Sóknarprestur

Frá Kvenfélagi Hraungerðishrepps

Okkar árlega sumarbústaðarferð verður 2.-4. október. Farið verður að Neðra-Dal í Bláskógabyggð. Þátttaka tilkynnist til Helgu B. 846-9320 / 482-1075 eða Margrétar E. 482-1180 / 697-7212 í síðasta lagi 30. september.

Kvennasport

Í vetur verður kvennasport í Þjórsárverri á mánudögum og miðvikudögum kl. 20:00-21:00. Tímarnir eru fyrir konur, 20 ára og eldri. Markmiðið er að þjálfunin sé fjölbreytt og aðlöguð að hverri og einni þannig að allar hafi möguleika á að fá það sem þeim hentar best.

Hvert skipti kostar 500 kr og greitt er í lok hvers mánaðar fyrir þá tíma sem sóttir voru.

Fyrsti tíminn verður mánudaginn 14. september. Skráning þarf að berast fyrir föstudaginn 11. september í síma: [866-3245 \(Hulda\)](tel:866-3245) eða á hulda@floahreppur.is.



Með von um að sjá sem allra flestar
Hulda Kristjánsdóttir
Íþrótafræðingur

Samhygð-Vaka, úrslit

Samhygðar og Vöku mótið var haldið þann 16. ágúst sl. Veðrið lék við keppendur og mótsgesti sem háðu skemmtilegt mót. Bakkelsi var á borðum eftir keppnina og voru þau Hafsteinn Þorvaldsson og Unnur Stefánsdóttir fengin til að afhenda verðlaun. Mótinu lauk með því að Vaka sigraði með alls 216,5 stig en Samhygð fékk alls 69,5 stig. Hér koma úrslitin:

800m konur

1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vaka	3:09,45 mín
2. Guðmunda Ólafsdóttir	Vaka	3:42,3 mín
3. Írena Björk Gestsdóttir	Samhygð	3:44,7 mín

800m karlar

1. Kristinn Þór Kristinsson	Samhygð	2:09,1 mín	(mótsmet)
2. Haraldur Einarsson	Vaka	2:18,6 mín	
3. Rúnar Hjálmarsson	Vaka	2:39,9 mín	
4. Daníel Másson	Samhygð	2:43,9 mín	
5. Matthías Pálmason	Samhygð	3:01,5 mín	
6. Hróbjartur Heiðar Ómarsson	Vaka	3:15,7 mín	
7. Markús Ívarsson	Samhygð	3:29,8 mín	
Sölvi Már	Gestur	2:56,4 mín	
Arnar T.	Gestur	3:29,1 mín	

Kúluvarp konur

1. Hallfríður Aðalsteinssdóttir	Vaka	8,77 m.
2. Anný Ingimarsdóttir	Samhygð	8,72 m.
3. Christine Gram	Samhygð	8,30 m.
4. Ingibjörg Markúsdóttir	Samhygð	8,20 m.
5. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vaka	8,11 m.
6. Hulda Kristjánsdóttir	Vaka	7,80 m.
7. Helga Björg Helgadóttir	Vaka	7,43 m.
8. Fanney Ólafsdóttir	Vaka	6,96 m.
9. Guðmunda Ólafsdóttir	Vaka	6,92 m.
10. Anna Kristín Kristjánsdóttir	Vaka	6,74 m.
11. Agnes Þorsteinsdóttir	Vaka	6,60 m.
12. Sandra Dís Sigurðardóttir	Vaka	6,20 m.
13. Sólveig Rós Másdóttir	Samhygð	5,16 m.
14. Írena Björk Gestsdóttir	Vaka	4,00 m.

Kúluvarp karlar

1. Magnús Másson	Samhygð	11,50 m.
2. Reynir Bjarkason	Vaka	11,43 m.
3. Stefán Geirsson	Samhygð	11,28 m.
4. Einar Helgi Haraldsson	Vaka	10,84 m.
5. Örvar Rafn Hlíndal	Vaka	10,15 m.
6. Rúnar Hjálmarsson	Vaka	10,11 m.

7. Haraldur Einarsson	Vaka	10,05 m.
8. Guðbergur Kristjánsson	Vaka	9,68 m.
9. Bjarni Már Ólafsson	Vaka	9,53 m.
10. Sigmar Örn Aðalsteinsson	Vaka	8,91 m.
11. Jason Ívarsson	Samhygð	8,21 m.
12. Tómas Karl Guðsteinsson	Vaka	7,66 m.
13. Daniel Másson	Samhygð	7,62 m.
14. Hróbjartur Heiðar Ómarsson	Vaka	7,43 m.
15. Jón M. Ívarsson	Samhygð	6,51 m.

Spjótkast konur

1. Guðmunda Ólafsdóttir	Vaka	26,36 m.	(mótsmet)
2. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vaka	24,08 m.	
3. Hulda Kristjánsdóttir	Vaka	22,56 m.	
4. Anný Ingimarsdóttir	Samhygð	22,52 m.	
5. Helga Björg Helgadóttir	Vaka	20,98 m.	
6. Agnes Þorsteinssdóttir	Vaka	20,45 m.	
7. Fanney Ólafsdóttir	Vaka	19,76 m.	
8. Christina Gram	Samhygð	19,38 m.	
9. Ingibjörg Markúsdóttir	Samhygð	19,34 m.	
10. Sanda Dís Sigurðardóttir	Vaka	17,29 m.	

Kringlukast karla

1. Stefán Geirsson	Samhygð	36,47 m.
2. Rúnar Hjálmarsson	Vaka	28,97 m.
3. Einar Helgi Haraldsson	Vaka	27,35 m.
4. Guðbergur Kristjánsson	Vaka	26,31 m.
5. Bjarni Már Ólafsson	Vaka	26,09 m.
6. Örvar Rafn Hlindal	Vaka	25,31 m.
7. Valdimar Guðjónsson	Samhygð	23,70 m.
8. Sigmar Örn Aðalsteinsson	Vaka	23,60 m.
9. Haraldur Einarsson	Vaka	23,51 m.
10. Reynir Bjarkason	Vaka	23,36 m.
11. Magnús Másson	Samhygð	23,34 m.
12. Jason Ívarsson	Samhygð	23,06 m.
13. Tómas Karl Guðsteinsson	Vaka	20,56 m.
14. Bjarki Reynisson	Vaka	19,64 m.

Þrístökk konur

1. Fanney Ólafsdóttir	Vaka	9,26 m.
2. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vaka	8,99 m.
3. Ingibjörg Markúsdóttir	Samhygð	8,18 m.
4. Helga Björg Helgadóttir	Vaka	8,01 m.
5. Guðmunda Ólafsdóttir	Vaka	7,79 m.

Þrístökk karla

1. Haraldur Einarsson	Vaka	13,29 m.
-----------------------	------	----------

2. Bjarni Már Ólafsson	Vaka	12,58 m.
3. Guðbergur Kristjánsson	Vaka	10,98 m.
4. Daniel Másson	Samhygð	10,95 m.
5. Árni Geir Hilmarsson	Samhygð	10,85 m.
6. Rúnar Hjálmarsson	Vaka	10,54 m.
7. Tómas Karl Guðsteinsson	Vaka	9,89 m.
8. Jason Ívarsson	Samhygð	9,46 m.
9. Matthías Pálmarsson	Samhygð	8,12 m.

Hástökk Konur

1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vaka	1,25 m.
2. Guðmunda Ólafsdóttir	Vaka	1,20 m.
3. Ingibjörg Markúsdóttir	Samhygð	1,20 m.
4. Anný Ingimarsdóttir	Samhygð	1,20 m.
5. Helga Björg Helgadóttir	Vaka	1,10 m.

Hástökk Karlar

1. Bjarni Már Ólafsson	Vaka	1,70 m.
2. Rúnar Hjálmarsson	Vaka	1,70 m.
3. Haraldur Einarsson	Vaka	1,65 m.
4. Guðbergur Kristjánsson	Vaka	1,60 m.
5. Árni Geir Hilmarsson	Samhygð	1,50 m.
6. Daniel Másson	Samhygð	1,50 m.
7. Stefán Geirsson	Samhygð	1,45 m.
8. Tómas Karl Guðsteinsson	Vaka	1,45 m.
9. Jason Ívarsson	Samhygð	1,30 m.
10. Hróbjartur Heiðar Ómarsson	Vaka	1,20 m.
11. Matthías Pálmason	Samhygð	1,20 m.

Langstökk konur

1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vaka	4,57 m.
2. Fanney Ólafsdóttir	Vaka	4,22 m.
3. Helga Björg Helgadóttir	Vaka	4,13 m.
4. Guðmunda Ólafsdóttir	Vaka	3,70 m.
5. Írena Björk Gestsdóttir	Vaka	3,45 m.
6. Ingibjörg Markhúsdóttir	Samhygð	3,33 m.
7. Sólveig Rós Másdóttir	Samhygð	3,31 m.

Langstökk Karlar

1. Haraldur Einarsson	Vaka	6,28 m.
2. Bjarni Már Ólafsson	Vaka	6,05 m.
3. Guðbergur Kristjánsson	Vaka	5,79 m.
4. Rúnar Hjálmarsson	Vaka	5,19 m.
5. Árni Geir Hilmarsson	Samhygð	5,08 m.
6. Daniel Másson	Samhygð	5,07 m.
7. Tómas Karl Guðsteinsson	Vaka	4,93 m.

8. Jason Ívarsson	Samhygð	4,50 m.
9. Hróbjartur Heiðar Ómarsson	Vaka	3,84 m.
10. Matthías Pálmason	Samhygð	3,59 m.

100 m. Konur

1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	Vaka	14,3 sek.
2. Helga Björg Helgadóttir	Vaka	14,6 sek.
3. Unnur Bjarkadóttir	Vaka	15,5 sek.
4. Fanney Ólafsdóttir	Vaka	15,6 sek.
5. Guðmunda Ólafsdóttir	Vaka	15,7 sek.
6. Ingibjörg Markúsdóttir	Samhygð	15,8 sek.
7. Írena Björk Gestsdóttir	Vaka	16,0 sek.
8. Sólveig Rós Másdóttir	Samhygð	17,0 sek.

100 m. Karlar

1. Haraldur Einarsson	Vaka	11,6 sek.	(jöfnun á mótsmeti)
2. Bjarni Már Ólafsson	Vaka	12,0 sek.	
3. Rúnar Hjálmarsson	Vaka	12,6 sek.	
4-5. Daniel Másson	Samhygð	12,9 sek.	
4-5. Guðbergur Kristjánsson	Vaka	12,9 sek.	
6. Árni Geir Hilmarsson	Samhygð	13,0 sek.	
7. Tómas Karl Guðsteinsson	Vaka	13,1 sek.	
8. Matthías Pálmason	Samhygð	15,0 sek.	

Bestu afrek karla

1 Haraldur Einarsson langstökk	6,29 m	770 stig
2 Haraldur Einarsson þristökk	13,29 m	758 stig
3 Bjarni Már Ólafsson langstökk	6,05 m	721 stig

Bestu afrek kvenna

1 Ingunn Harpa Bjarkadóttir 100 m	14,3 sek	683 stig
2 Helga Björg Helgadóttir 100 m	14,6 sek	644 stig
3 Ingunn Harpa Bjarkadóttir langstökk	4,57 m	638 stig

Stigahæsti karl

1. Haraldur Einarsson	27 stig
2.-3. Rúnar Hjálmarsson	23 stig
2.-3. Bjarni Már Ólafsson	23 stig

Stigahæsta kona

1. Ingunn Harpa Bjarkadóttir	36 stig
2. Guðmunda Ólafsdóttir	23 stig
3. Helga B. Helgadóttir	16 stig

Skjaldarhafi: Ingunn Harpa Bjarkadóttir Vöku

Tökum að okkur allar gerðir mannvirkja.

Nýsmíði, viðhald, breytingar.

Erum með traktors- og beltagröfu.

Kríutangi ehf

Vorsabæ

Stefán Helgason Húsasmíðameistari

S:893-4933

Dagskrá mánaðarins

Messa í Hraungerðiskirkju	6. september
Ferð eldri borgara í Flóahreppi	7. september
Æfing yngri	9. september
Messa í Villingaholtskirkju	13. september
Kvennasport hefst	14. september
Æfing yngri	16. september
Námskeið hjá Leikfélagi Selfoss	19.-20. september
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	20. september
Æfing yngri	23. september
Gaulverjaball í Félagslund	26. september
Aðalfundur Leikdeildar Vöku	27. september
Æfing yngri	30. september
Lambaskoðun í Villingaholtshreppi	30. september



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160